

Fundur starfshóps um styttingu vinnuviku þriðjudaginn 6.nóvember 2018, haldinn á Skrifstofu fræðslu- og fristundabjónustu Hafnarfjarðar. Fundinn sátu:

Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, Hrund Apríl Guðmundsdóttir, Guðrún Þorsteinsdóttir, Arnrún Einarsdóttir, Árný Steindórsdóttir, Hildur Kathleen Harðardóttir.

HAG skrifaði fundgargerð

Jenný gerir grein fyrir heimsókn í leikskólann Hjalla og hvernig leikskólinn hefur skipulagt styttingu á vinnuviku.

Umræða um hvernig fyrirkomulagið er á Hjalla og hvernig það samræmist hugmyndum starfshóps

Rætt um fyrirkomulag á Hofi og hvernig það fyrirkomulag samræmist betur hugmyndum starfshóps.

Niðurstaða umræðu er að þörf er á að fyrirkomulag vegna styttingu vinnuviku verði mjög fastmótað og aðgerðir vegna fjarvista vegna veikinda og þ.h. verði skýrar.

Niðurstaða er að fleiri stöðugildi til að sinna faglegu starfi og þörfum barna til fyrir umhyggju og kennslu ungra barna. Því kallar þetta verkefni á fleiri stöðugildi.

Einnig rætt að fjöldi klukkustunda um styttingu vinnuviku, þ.e. 35 stundir sé frekar bratt og 37 sé raunhæfari tala

Verði farið af stað með styttingu vinnuviku almennt eða í einhverjum skólum er þörf á að segja upp vinnutímasamningum.

Rætt um áhrif styttingu vinnuviku á fjarvistir vegna veikinda og rannsókna áhrifa í því samhengi

Rætt um ramma fyrir að hrinda þessu verkefni af stað og hvaða forsendur eigi að vera til að leikskóli geti tekið þátt í því

Rætt um hvort stytting vinnuviku hafi áhrif á fjölda vinnustunda.

Setja þarf upp nokkra möguleika í stöðunni og kostnaðargreina þar

Arnrún kallar eftir gögnum um grunnstöðugilda fjölda í leikskólum fyrir þá sem vinna með börnum. Arnrún hefur samband við Harald Eggertsson og hefur Guðrúnu og Jenný í cc.

Fyrir næsta fund gerir hópurinn sér í hugarlund hvaða rammi á að vera eða skilyrði fyrir þá leikskóla sem koma til greina í þetta verkefni um styttingu vinnuviku. Unnið verður að því á næsta fundi að setja upp nokkrar tillögur.

Meðlimir stýrihóps setji inn á WP ef það eru erindi sem birtast eða málþing sem eru áhugaverð og fara á slíka viðburði er við er komið.